

Sþ. 449. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til sparnaðar í launagreiðslum hins opinbera.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta endurskoða launalöggjöf landsins, í því skyni að lækka hálaun og draga úr óþörfum launagreiðslum, og sé sú regla upp tekin, að hámark árslauna sé 8000 krónur. Skal ríkisstjórnin leggja tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi.
2. Að láta gera nákvæma skýrslu um allar launagreiðslur hins opinbera og á grundvelli þeirra athugana að draga úr útgjöldum fjárlaganna, með afnámi óþarfra launaðra embætta og starfa og með því að láta allar óþarfar greiðslur niður falla.

Greinargerð.

Tillögur þessar þurfa ekki langra skýringa við. Allir tala nú um, að ástandið sé þannig, að nauðsyn beri til þess að grípa til gagngerðra sparnaðarráðstafana, meira að segja verði ekki hjá því komizt að draga stórlega úr útgjöldum, sem ekki orkar tvímælis um, að telja verður til allra óhjákvæmilegustu útgjalda ríkisins, ekki sízt á þessum tímum. T. d. hafa komið tillögur um að draga stórlega úr útgjöldum til opinberra framkvæmda, og hafa sumar þeirra verið samþykktar, enda þótt atvinnuleysi sé eins og það hefir mest verið og yfir vofi, að það aukist stórum, samtímis því, sem stöðugt fækkar úrræðum alþýðu manna til þess að geta framfleytt lífinu. — En hvað sem líður réttmæti þess, að nauðsyn beri til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs venju fremur, þá er það víst, að öll alþýða til sjávar og sveita vill hafa ódýra ríkisstjórn, og er sammála um, að ef þarf að spara, þá á að byrja á því að draga úr hálaunum, „bitlingum“, aukagreiðslum og allskonar óþörfum greiðslum, en hitt þykir alveg furðulegt, að ráðamenn þjóðarinnar skuli fyrst láta sér detta í hug að draga úr atvinnu og framkvæmdum af hálfu hins opinbera, en hirði ekkert um hitt, þótt hundruðum þúsunda af útgjöldum ríkisins sé varið til óþarftrar eyðslu.

Samkvæmt tillögum millipinganeftdar í launamálum 1934 var hægt að spara yfir 700 þúsund krónur. Lítinn vafa teljum við á því, að við samvizkusamlega athugun myndi koma í ljós, að nú væri hægt að spara mun meira.